



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
14.02.23	17:00	Fenjamýri (<i>Grósku</i>)	8.
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Rebekka Karlsdóttir	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson		14.02.23
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)			
Kristmundur Pétursson fyrir Viktor Ágústsson (Röskva)			
Dagur Kárason (Vaka)			
Diljá Ingólfssdóttir (Röskva)			
Jón Ingvi Ingimundarsson fyrir Elías Örn Torfason (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)			
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)			
Andri Már Tómasson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Rakel Anna Boulter (Röskva)			
Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			
Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva) <i>viðstödd á teams (18:38-19:05)</i>			
Ísak Kárason (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)			
Sigurþór Maggi Snorrason (Röskva)			
Dagmar Óladóttir (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
<i>Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ</i>			
<i>Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ</i>			
<i>Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)</i>			
<i>Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ</i>			
<i>Júlíus Viggó</i>			
<i>Linda Rún Jónsdóttir</i>			
<i>Styrmir Hallsson</i>			
<i>Fanney Anna Ómarsdóttir</i>			
<i>Isabel Alejandra Diaz</i>			
<i>Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir</i>			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
<u>Hugvísindasvið:</u> Draumei Ósk Ómarsdóttir (Röskva)			



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 14. febrúar 2023 í Fenjamýri (Grósku) kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on January 19th 2023 in HT-101 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkygningar og mál á döfinni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

4. Kynning á starfsemi Vísindagarða 17:20-17:50

Presentation on Vísindagarðar

5. Tillaga vegna sérúrræða fyrir stúdenta með erlendan bakgrunn 17:50-18:00

(atkvæðagreiðsla)

Proposal on special measures for students with a foreign background

6. Tillögur um hvernig auka má kosningaþátttöku 18:00-18:15 (atkvæðagreiðsla)

Proposal on how to increase voting participation

7. Uppfærð Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-2023 18:15-18:25 (atkvæðagreiðsla)

Updated financial budget 2022-2023

8. Kynning á ársreikningi Stúdentaráðs fyrir starfsárið 2021-22 18:25-18:35

Presentation on the Student Council's financial statement

9. Hlé 18:35-18:45

Intermission

10. Samgöngu- og bílastæðamál við HÍ 18:45-19:05

Transport- and parking area issues at UnI

11. Tillaga um að Stúdentaráð sendi erindi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta vegna

aðgengismála á Stúdentakjallaranum 19:05-19:10 (atkvæðagreiðsla)

Proposal that the Student Council sends an issue to the Board of FS regarding accessibility in the Student Cellar

12. . Tillaga um aukna upplýsingamiðlun til foreldra í námi 19:15-19:25

(atkvæðagreiðsla)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Proposal for an increased mediation of information to student parents

13. Tillaga að ályktun um Hámu í Sögu og nýju húsi heilbrigðisvísinda 19:25-19:30
(*atkvæðagreiðsla*)

Proposal on a conclusion about Háma in Saga and the new house of Health Sciences.

14. Tillaga um bætt námsaðstöðu fyrir nemendur á Hugvísindasviði 19:35-19:45
(*atkvæðagreiðsla*)

Proposal for better studying facilities for students in the School of Humanities.

15. Önnur mál 19:35-19:45

Other issues

16. Bókfærð mál

Recorded issues

17. Fundi slitið 19:45

Meeting ends



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

a. Örfáar athugasemdir varðandi nákvæmni nafna bárust. Framkvæmdarstjóri bætir úr því.

b. Atkvæðagreiðsla:

Einróma samþykkt með 14 atkvæðum

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

a. Forseti fer yfir helstu tilkynningar og mál á döfinni

i. **Matarspor** – Háskóli Íslands hefur samþykkt að veita fjármagni í verkefnið til eins árs. Félagssstofnun Stúdenta mun sjá um kostnaðinn við að stimpla upplýsingarnar inn í kerfið. Nú er verið að ganga frá lokahnútnum, panta þær tæknigræjur sem þarf til að birta þetta á Háskólatorgi (skjá o.fl.) og bindum við vonir við að þetta verði komið í gagnið núna í febrúar.

ii. **Nýtt Stefnu- og gæðaráð HÍ** fundaði í fyrsta skipti 30. janúar. Forseti og varaforseti sitja í ráðinu fyrir hönd stúdenta líkt og samþykkt var með lagabreytingum á seinasta fundi ráðsins.

iii. **Stúdentaleikhúsið** – HÍ hefur orðið við beiðni Stúdentaráðs um að styrkja Stúdentaleikhúsið og hefur ákveðið að styrkja Stúdentaleikhúsið um 300.000 þúsund krónur.

iv. **Herferð Stúdentaráðs** - Fulltrúar frá skrifstofunni eru á fullu að vinna að herferðinni, eru búin að funda 1x með auglýsingastofunni. Forseti fer nánar yfir stöðuna á vinnunni. *Lagt til að keyra hana í gang núna á mánudaginn (20. febrúar) þar sem vanfjármögnun háskólastigsins og skrásetningargjöldin verða efst á baugi. Þröngur gluggi sem við höfum en skiljanlegt þar sem við viljum ekki skarast inn í kosningar og herferð LÍS. Okkur langar að horfa frá víðum og efnismiklum herferðum og hugsum þetta fyrst og fremst sem aukinn sýnileiki um málefnið fyrir stúdenta. Allar tillögur alltaf velkomnar og ef einhver vill koma að*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

herferðinni er það meira en velkomið. Þetta verður vikulöng herferð (5 dagar) svo hún verður mjög snörp. Lagt til að ganga saman að ráðherrabústaðnum eftir ríkisstjórnarfund með undirbúnað kröfur. Við reiknum með að það sé vilji fyrir þessu nema að einhverjar athugasemdir eru.

v. **Endurskoðun laga um MSN**

1. LÍS stóð fyrir kynningarfundum um áherslur stúdenta í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna.
2. **Herferð LÍS** – Er á fullu í undirbúningi. Lánasjóðsfulltrúi SHÍ er á fullu að vinna að herferðinni ásamt forseta LÍS og mun forseti aðstoða eins og kostur gefst, m.a. með því að skrifa handrit fyrir myndbönd. – *Myndböndin voru tekin upp í gær. Takk fyrir að mæta sem sjálfboðaliðar í þessar tölur. Það er áætlunin að herferð LÍS komi út aðeins á eftir okkar.*

vi. **Vinnuhópur um notkun gervigreindar í kennslu** - HÍ hefur byrjað með óformlegan vinnuhóp um notkun gervigreindar í kennslu, óskað var eftir fulltrúum nemenda í hópinn og var ákveðið að María Rós, sviðsráðsmeðlimur á VoN og forseti Stúdentaráðs tækju sæti í hópnum fyrst um sinn. Einn fundur hefur átt sér stað þar sem að fulltrúar frá öllum háskólum landsins komu saman og ræddu notkun gervigreindar í kennslu. Öll samstíga að það eigi ekki að banna þetta heldur sé þetta tækifæri sem þar að læra hvernig á að nýta sem best. - *Áhugasöm eru hvött til að láta forseta vita til að fá að taka þátt á einhvern máta.*

vii. **Undirfjármögnun HÍ** - Forseti segir frá nýjustu vendingum í tengslum við fjárhagsstöðu Háskóla Íslands. – *Viðtal í Morgunblaðinu þar sem undirfjármögnunin var rædd. Félag Háskólakennara sendi frá sér yfirlýsingu en það telst merkilegt og er til marks um alvarleika stöðunnar. Forseti sendi póst á meðlimi fjárlaganefndar þar sem umsagnir og yfirlýsingar Stúdentaráðs voru ítrekuð.*

viii. **Sambandsþing LUF** fer fram þann 25. febrúar nk. SHÍ á tvo þingfulltrúa og sækir varaforseti þingið ásamt sjálfboðaliða úr hópi



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðs. – *Brynhildur fer fyrir hönd SHÍ. Fulltrúi SHÍ verður einnig tilnefndur í stjórn LUF en samkvæmt hefð þá er það stjórn sem afgreiðir það.*

- ix. **Samráðsfundur með nemendafélögunum** fór fram 25. janúar sl. og var þar verið að gera upp haustmisserið og fara yfir horfur fyrir vormisserið. Farið var yfir viðburðadagatal SHÍ, helstu hagsmunamál stúdenta og fleira. Vel mætt og góðar umræður sköpuðust. Í kjölfar fundarins sendi varaforseti út könnun til allra nemendafélaganna til þess að kortleggja betur stöðuna hjá hverju og einu félagi og athuga hvort að það sé eitthvað sem Stúdentaráð eða HÍ getur stutt betur við.
- x. **Fréttir frá FS:** Forseti fer yfir helstu fréttir frá Félagsstofnun Stúdenta. – *Stjórn FS fundaði um daginn og þar sem er svona hlest frétt næmt þar er að það var samþykkt tillaga SHÍ að útvíkka úthlutunarreglurnar. Vegna tillögu okkar hafa stúdentar meira rými á stúdentagörðunum núna. Allt er á áætlun hjá Sögu. Gengur mjög vel að úthluta íbúðum. Í mars mánuði er búist við að fyrstu íbúarnir komi. Framkvæmdir á leikskólunum hafa tafist vegna veðurs. Sennilega ekki hægt að taka á móti börnum fyrr en um mitt haust.*
- xi. **Endurtektaprófin** – *fréttir á þessu vöktu miklu lukku og lófatak.*
- xii. **Staðan á ýmsum verkefnum á skrifstofunni:**
1. Íþróttaskólinn – gengur mjög vel. Fullt í báða hópa.
 2. Félagsleg aðstoð á Stúdentagörðum (*í vinnslu*)
 3. Stúdentablaðið – kemur út 1. Mars. Ritstýra í viðræðum við Gaiu að hafa mögulegt málþing.
 4. o.fl.
- xiii. **Stúdentaráðsfundir út misserið:** næsti fundur verður 8. mars og er það seinasti hefðbundni fundur starfsársins. Á fundinum verða m.a. teknar fyrir lagabreytingar. Kjörfundur verður svo í apríl og skiptafundur í maí. Viðveru núverandi Stúdentaráðs er ekki krafist á kjörfundi því nýju kjörnu fulltrúarnir eru boðaðir. Hins vegar er óskað eftir viðveru núverandi ráðs á skiptafundi. Minnt er á að formleg skipti eru ekki fyrr



Stúdentaráð Háskóla Íslands

en á skiptafundi þannig að öll halda embættum og störfum sínum áfram fram að því.

- xiv. **Viðburðadagatal:** Forseti minnir á viðburðadagatal SHÍ og fer yfir helstu viðburði framundan. - *Í augnablikinu stendur yfir loftslagsvika og í þar næstu viku eru grænir dagar og samráðsfundur við ráðherra. Heilmikið framundan sem vert að hafa í huga.*

Maggi mætir 17:35

4. Kynning á starfsemi Vísindagarða 17:20-17:35

- Hrólfur Jónsson framkvæmdastjóri Vísindagarða kynnir starfsemi Vísindagarða
- Mælendaskrá opin: Lilja: við í hagsmunb.stúdenta höfum lengi talað um lágvöruverðsverslun. Er þetta gott svæði f slíka og hvar myndi hún komast fyrir á svæðinu.

Hrólfur: reynt að gera þetta hér í Grósku – virkaði ekki. Erfitt aðgengi og ekki pláss.

Hins vegar er Pikkólo mögulega alveg detta inn.

Rebekka nefndi að þau Hrólfur hefðu fundað um daginn til að ræða möguleikana hér á svæðinu sem væru ýmsir, en ekkert alveg í náinni framtíð því miður.

5. Tillaga vegna sérúrræða fyrir stúdenta með erlendan bakgrunn 17:50-18:00

(atkvæðagreiðsla)

- Tillöguberar (*Katrín, Rakel Anna og Sigríður Helga*) flytja tillöguna.

- Mælendaskrá: Jón Ingvi: Hvernig var uppröðunin ákvörðuð?

Katrín: Ef það er óraunhæft að koma fyrir öllum hópnum í þessi úrræði erum við með þessa uppröðun til að skipta hópnum og forgangsraða þeim hópi sem við teljum mest á þessu þurfa.

- Atkvæðagreiðsla: 15 einróma samþykkt.

6. Tillögur um hvernig auka má kosningaþátttöku 18:00-18:15 *(atkvæðagreiðsla)*

- Framhald af tillögu sem samþykkt var á Stúdentaráðsfundi þann 16. nóvember sl. um að réttindaskrifstofa Stúdentaráðs skili tillögum um hvernig auka megi kosningaþátttöku í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs.

- Tillöguberar (*Gréta og Rebekka*) flytja tillöguna.

- Mælendaskrá opin:

-Jón Ingvi er ánægður að sjá að hanaslagurinn sé meira sýnilegri í áformunum.

-Maggi: Hvernig gengur með þetta? Er þetta allt að smella saman?



Stúdentaráð Háskóla Íslands

-Rebekka: Kjörstjórn fundaði í gær og það gengur vel. Eru að vinna út frá nýjum lagabreytingum.

d. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum

7. Uppfærð Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-2023 18:15-18:25 (atkvæðagreiðsla)

a. Framkvæmdarstjóri og forseti fara yfir uppfærða fjárhagsáætlun.

b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum

Andri leggur fram dagskrárbreytingartillögu: Kynning ársreiknings tekin fyrir hlé

Atkvæðagreiðsla: Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

8. Kynning á ársreikningi Stúdentaráðs fyrir starfsárið 2021-2022 18:25-18:35

a. Framkvæmdarstjóri fer yfir ársreikning starfsársins 2021-2022

Isabel mætir 18:26

9. Hlé 18:45-19:05

Intermission

Styrmir mætir 18:38

Auður Eir mætir 18:38 (teams)

10. Samgöngu- og bílastæðamál við HÍ 18:45-19:05

a. Forseti Stúdentaráðs fer yfir stöðuna á samgöngu og bílastæðamálum við HÍ skv. minnisblaði sem lagt var fyrir ráðið í fundargögnum: Í byrjun fór forseti stuttlega yfir forsöguna og minnti á að farið hefði verið yfir málið á skiptafundi ráðsins í maí, en í ljósi nýrra vendinga á háskólaþingi og í háskólaráði þætti forseta ástæða til þess að upplýsa ráðið um stöðu málsins núna. Það hefur verið mjög mikil uppbygging og það á rætur sínar að rekja til 2013 þar sem undirrituð var yfirlýsing að HÍ hefði frumkvæði af framtíðarskipulagi hér á háskólasvæðinu. Vatnsmýrarhópurinn kom saman að frumkvæði Reykjavíkurborgar til að móta sýn þessa svæðis. Starfshópur um bílastæðamál var stofnaður 2019. Það var upplag fundanna að leita þyrfti leiða til að minnka bílaumferð hér á svæðinu í ljósi spáa um fjölgun á bílferðum og liður í því væri að setja á bílastæðagjöld. Þá strax lagði stúdentaráð strax mikla áherslu að tryggja ætti kjör stúdenta og starfsfólks í takt við það með innleiðingu U-passa (samgöngukort á hagstæðu verði).

Þessi hópur vann mikla vinnu og 2020 skilaði hópurinn tillögum, þar sem lagt var upp með að gjaldskylda skildi vera á öllum bílastæðum á lóðum skólans. Háskólaráð



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Samþykkti að senda tillögurnar til umsagnar (m.a. Stúdentaráðs) í febrúar sama ár. Í kjölfarið var óskuðu sjö stúdentaráðsliðar eftir opnum stúdentafundi þar sem tillögurnar voru kynntar fyrir stúdentum. Degi eftir fundinn voru drög að umsögn SHÍ við tillögurnar til umræðu á stúdentaráðsfundi þar sem lögð var fyrir umsögn Stúdentaráðs um tillögurnar þar sem tekið hafði verið tillit til athugasemda sem komu frá stúdentaráði og á opna stúdentafundinum deginum áður.

Meira og minna allt haustmisserið 2021 var fyrirhugað að taka upp gjaldskyldu haustið 2022 og hefja undirbúning fljótlega eftir áramót. Það var hins vegar ljóst að útfærslan yrði umfangsmikil og tíminn of naumur fyrir slíkt. Staðan vorið 2022 var sú að verið var að skoða nánari útfærslur en lítil hreyfing en orsök þess má rekja til faraldursins og vatnstjónsins sem varð í byrjun 2021 á Háskólatorgi. Þáverandi forseti óskaði eftir því að starfshópurinn um bílastæðamál kæmi aftur saman (hafði verið óvirkur síðan ársbyrjun 2020)..

Staðan núna

Landspítalinn á Hringbraut innleiddi gjaldskyldu á öllum bílastæðum síðastliðið haust en forseti SHÍ og forseti sviðsráðs HVS beittu sér fyrir því að stúdentar fengju undanþágu frá gjaldskyldunni. Þetta var samþykkt og gjaldskyldunni frestað þangað til ársbyrjunar 2024.

Á Háskólaþingi 18. nóvember 2022 kynnti Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs stöðu mála varðandi framkvæmdir, samgöngur og bílastæði á háskólasvæðinu. Málið var rætt og í kjölfar umræðunnar bar rektor upp svohljóðandi ályktun sem var samþykkt samhljóða: „Háskólaþing fjallaði í dag um skipulag, framkvæmdir, samgöngur og bílastæðamál á háskólasvæðinu og beinir því til háskólaráðs að fylgja eftir þeim hugmyndum sem kynntar voru á þinginu, m.a. á grundvelli heildarstefnu skólans, HÍ26, og sjónarmiðum sem fram komu á þinginu.“ Á þessum fundi voru 10 fulltrúar stúdenta frá báðum fylkingum í Stúdentaráði. Á fundi háskólaráðs þann 12. janúar 2023 gerði Kristinn Jóhannesson grein fyrir stöðu mála og áformum um framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu og í nágrenni, sbr. ályktun háskólaþings 18. nóvember 2022, þar sem fjallað var um málið og því beint til háskólaráðs að fylgja eftir hugmyndum um innleiðingu gjaldtöku fyrir bílastæði, bættar almenningssamgöngur og byggingu hjólaskýla.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Í fundargerð háskólaráðs kemur fram að samþykkt hafi verið að framkvæmda- og tæknisviði, skipulagsnefnd háskólaráðs og starfandi bílastæðahópi að vinna áfram að málinu á þeim nótum sem kynntar voru á fundinum. Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs.

Forseti Stúdentaráðs og fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd áttu fund með sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs mánudaginn 6. febrúar, þar sem óskað var eftir upplýsingum um stöðu málsins.

Þar fengust þær upplýsingar að málið er enn á byrjunarreit, ekki hefur verið tekið ákvörðun um hvenær gjaldtaka mun hefjast, hvað hún mun kosta né hvernig hún verður útfærð. Eina sem hefur verið ákveðið er það sem háskólaráð samþykkti á fundi sínum 12. janúar (sjá að ofan), þ.e. að FTS vinni áfram að málinu á þeim nótum sem kynntar voru á fundinum.

Núna er aðeins verið að skoða möguleikana á tæknilegar útfærslur á gjaldtökuvélum. Til stendur að hefja samræður við Strætó á næstu mánuðum um útfærslu á samgöngukorti.

Unnið er að útfærslu aðgangsstýrðra hjólaskýla. Samkvæmt tillögu sem samþykkt var á Stúdentaráðs þann 22. ágúst 2022 hefur Stúdentaráð beitt sér fyrir fjölgun yfirbyggðra hjólaskýla við HÍ. Meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar HÍ og forseti SHÍ funduðu með meðlimum skipulagsnefndar HÍ í haust til að ræða tillöguna nánar og koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri.

- b. Seinast var farið yfir málið á skiptafundi í maí og má finna undir “Tímalínur stórra mála” á Sharepointi Stúdentaráðs.
- c. Mælendaskrá opin:
 - Rakel Anna spyr hvort hægt sé að koma með tillögu sem forseti svarar játandi. Stúdentaráðsliðar mega alltaf koma með tillögur en ráðið verður að samþykkja að taka hana fyrir.
 - i. Atkvæðagreiðsla um að taka tillöguna fyrir
Einróma samþykkt með 16 atkvæðum. Tillagan verður því tekin fyrir.
 - ii. Tillöguberi (Rakel Anna) flytur tillöguna.

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

-T I L L A G A-



Stúdentaráð Háskóla Íslands

um að skerpa á afstöðu Stúdentaráðs um samgöngur og gjaldskyldu á bílastæðum við HÍ

Undirrituð leggur til að skrifstofa Stúdentaráðs, í samræmi við fulltrúa á þar til bærum vettvöngum, beiti sér áfram fyrir og ítreki við háskólayfirvöld mikilvægi þess að samgöngukort á viðráðanlegu verði bjóðist stúdentum **áður eða samhliða** því að gjaldskylda verður tekin upp á bílastæðum háskólans. Þá skal Stúdentaráð krefjast þess að fá þetta staðfest skriflega frá skólayfirvöldum.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Gjaldtöku á bílastæðum háskólans eru óhjákvæmilegar í uppbyggingu og sóknaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir næstu árin. Ljóst er að borgarlínan muni fara í gegnum háskólasvæðið og þess vegna munu skipulagsbreytingar á háskólasvæðinu taka mið af þeim áformum. Stúdentaráð hefur lagt gífurlega mikla áherslu á eflingu almenningsamgangna eins og kemur fram í stefnu ráðsins. Til að koma til móts við stúdenta hefur Stúdentaráð m.a. beitt sér fyrir U-passa, sem er samgöngukort á viðráðanlegu verði fyrir stúdenta. Háskólinn hefur sæst á það fyrirkomulag, þ.e. að ekki verði farið í gjaldtöku fyrr en slíkt samgöngukort býðst stúdentum en þetta þarf að fá staðfest skriflega.

Með þessu fyrirkomulagi fá þau sem hafa færi á að nýta sér almenningsamgöngur það á sanngjörnu verði. Stúdentaráð leggur áherslu á að leitað verði lausna og komið til móts við ákveðna hópa sem þurfa frekar að nýta sér bílastæðin, t.a.m. fjölskyldufólk, til að tryggja jafnt aðgengi að námi. Það verður að ítreka að gjaldið á U-passanum haldist hóflegt og að leitað verði leiða til þess að það veiti aðgang að sem flestum samgöngumátum. Þar að auki skal tryggja að ferlið verði gagnsætt og stúdentar upplýstir jafnóðum um stöðu mála. Stúdentaráð telur farsælast að samgöngukort bjóðist stúdentum frá hausti frekar en um áramót.

Rakel Anna Boulter, stúdentaráðsliði

iii. Mælendaskrá opin: Engar athugasemdir.

iv. Atkvæðagreiðsla:

15 samþykki, Dagur situr hjá.

Tillagan er því samþykkt.

(c-liður 10. fundarliðs – Mælendaskrá opin)

-Dagur segir að fundargerðir háskólaþings og annað efni sé mögulega illa aðgengilegt og spyr hvort það sé hægt að nálgast þetta.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

-Forseti svarar því að upptaka af háskólaþingi sé aðgengileg á netinu sem og allar þær upplýsingar sem hún fór yfir í bréfi þessu um ályktun háskólaþingsins og bókanir háskólaráðs. Sé staðan sú að fundargerð háskólaþingsins sé ekki aðgengileg á heimasíðu HÍ á sama stað og fundargerðir fyrri háskólaþinga sé best að senda bara tölvupóst á HÍ með ábendingu um heimasíðuna.

Dagur leggur til dagskrárbreytingartillögu: Taka tillögu um ályktun SHÍ um bílastæðamál fyrir undir núverandi fundarlið (10.) í stað annarra mála (15. fundarliður)

Atkvæðagreiðsla: Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

v. Tillöguberi (*Dagur*) flytur tillöguna.

*Stúdentaráðsfundur
14.02.2022*

- T I L L A G A -

um ályktun SHÍ um bílastæðamál

Undirritaður leggur til að SHÍ álykti formlega gegn aukinni gjaldskyldu og fækkun á bílastæðum við Háskóla Íslands með svohljóðandi texta:

„Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst formlega gegn áformum Háskóla Íslands um að leggja gjaldskyldu á alla þá sem leggja við Háskóla Íslands. Mikilvægt er að tryggja stúdentum jafnan aðgang að námi, óháð búsetu eða aðstæðum. Gjaldskylda á stúdenta sem leggja við háskólann mun bersýnilega leiða af sér mismunun í kostnaði við nám. Í það minnsta ættu stúdentar að geta nýtt stúdentakort sín til þess að leggja gjaldfrjálst. Stúdentaráð leggst einnig gegn fækkun bílastæða þar sem þau eru nauðsynleg fyrir stóran hluta þeirra sem stunda nám við Háskóla Íslands.”

Rökstuðningur

Áform um að leggja gjaldskyldu á alla sem leggja í bílastæði Háskóla Íslands, þar á meðal starfsmenn skólans og stúdenta, eru óásættanleg. Slík breyting mun bitna sérstaklega á stórum hluta nemenda HÍ sem búa á ytri svæðum höfuðborgarsvæðisins eða á landsbyggðinni, eru foreldrar eða sinna skyldum meðfram skóla eins og vinnu. Fækkun bílastæða er einnig óásættanleg þar sem þessi hópur mun enn þurfa að leggja við skólann í komandi framtíð. SHÍ starfar í umboði allra stúdenta og á því að vernda hagsmuni þeirra allra. Þess vegna er mikilvægt að SHÍ taki skýra afstöðu í þessu máli og álykti formlega gegn aukinni gjaldskyldu og fækkun bílastæða.

Dagur Kárason, oddviti Vöku

vi. Mælendaskrá opin:

-Andri kemur með þá athugasemd að Stúdentaráð hafi verið að álykta um sömu mál rétt í þessu og leggur því til að þessari tillögu verði vísað frá, og



Stúdentaráð Háskóla Íslands

leggur fram á svohljóðandi bókun:

Ég sé ekki ástæðu til að taka þessa tillögu fyrir þar sem að við höfum nú þegar ályktað um þetta hérna fyrr á fundinum. Þess vegna legg ég til að þessari tillögu verði vísað frá.

Andri leggur til frávísunartillögu um að vísa frá tillögunni, um ályktun SHÍ um bilastæðamál.

Atkvæðagreiðsla um frávísun tillögunnar:

12 samþykkt,

Ísak og Auður sitja hjá,

Dagur og Bergrún á móti,

Tillögunni er því vísað frá

11. Tillaga um að Stúdentaráð sendi erindi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta vegna aðgengismála á Stúdentakjallaranum 19:05-19:10 (atkvæðagreiðsla)
 - a. Tillöguberar (Lilja og Auður) flytja tillöguna.

Stúdentaráðsfundur
14. febrúarl 2023

- T I L L A G A -

um að Stúdentaráð sendi erindi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta vegna aðgengismála á Stúdentakjallaranum

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð sendi eftirfarandi erindi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta (FS) vegna aðgengismála á Stúdentakjallaranum:

Stúdentaráð óskar eftir því að stjórn FS taki til skoðunar að byggja/koma fyrir rampi á Stúdentakjallaranum, nánar tiltekið niður í „Gryfjuna“. Rampurinn þarf að hafa burðarþól fyrir rafmagnshjólástóla.

Við höfum fengið þær upplýsingar að slíkur rampur myndi taka nokkra fermetra af gólfplássi í „Gryfjunni“ en teljum við að aðgengi að Stúdentakjallaranum, helsta samkomustað stúdenta vegi þyngra en fjöldi borða og stóla sem kemst fyrir á staðnum.

Vonumst við eftir að FS vilji fara eftir stefnu Heimsmarkmiðana en Heimsmarkmið nr. 10 er augin jöfnuður:

10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annara stöðu.

(Heimsmarkmiðin, e.d.).

Aukið aðgengi verður þá að teljast í takt við gildi FS um góða þjónustu, jákvæða upplifun og stefnu Heimsmarkmiðana um bætt aðgengi fyrir alla að félagslífi.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þá leggja undirritaðar einnig til að Stúdentaráð þrýsti á Háskóla Íslands vegna opnunartíma bygginga skólans vegna inngangs sem leiðir að lyftu sem fer niður á Stúdentakjallarann. Inngangurinn er einungis opin á opnunartíma Háskóla Íslands og er Stúdentakjallarinn því ekki aðgengilegur utan opnunartíma háskólans.

*Auður Eir Sigurðardóttir, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs
Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, oddviti Röskvu*

b. Mælendaskrá opin:

Brynhildur leggur til að opna mælendaskrá öðrum en stúdentaráðsliðum fyrir tillöguna.

Atkvæðagreiðsla: Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

-Styrmir bendir á að það ætti að vera hægt að koma inn án nemendakorts. Lilja kannaði það ekki persónulega en segir tillöguna byggja alfarið á upplýsingum frá rekstraraðila Kjallarans.

c. Atkvæðagreiðsla:

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

Auður yfirgefur fundinn 19:05

12. Tillaga um aukna upplýsingamiðlun til foreldra í námi 19:15-19:25 (atkvæðagreiðsla)

Tillöguberar (*Linda Rún og Fanney*) flytja tillöguna.

Stúdentaráðsfundi 14. febrúar 2023

- T I L L A G A -

um aukna upplýsingamiðlun til foreldra í námi

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að upplýsingar fyrir foreldra í námi verði gerðar aðgengilegri, bæði við skráningu í nám í sameiginlegri innritunargátt háskólanna sem og eftir að nám hefst, t.d. inn á heimasíðu HÍ.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Í kringum 1/3 stúdenta á Íslandi eru foreldrar. Það er mikið sem þarf að hafa í huga þegar verið er að stofna fjölskyldu og mikið af upplýsingum sem foreldri þurfa að nálgast. Það getur tekið á að leita uppi allar þessar upplýsingar og teljum við því mikilvægt er að þær séu aðgengilegar stúdentum á einföldu formi. Það myndi einfalda verðandi foreldrum og foreldrum í námi að komast að sínum réttindum og hvert þau geta leitað ef eitthvað kemur fyrir. Þeir þættir sem um ræðir snúa að ýmsum úrræðum fyrir foreldra í námi, t.a.m. upplýsingar um fæðingarorlofssjóð, úrræði hjá FS, upplýsingar frá Menntasjóði námsmanna og upplýsingar um leikskólapláss, en listinn er ekki tæmandi.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Við teljum heimasíðu HÍ vera réttan stað fyrir þessar upplýsingar, en flest allar upplýsingar sem snúa að upplýsingaflæði fyrir stúdenta má finna þar.

Mikilvægt er að þessu verkefni verið fundin farvegur í stjórnýslu háskólans og það það sé sett í hendur tiltekinna aðila sem geta fylgt því eftir og uppfært eftir því sem upplýsingarnar breytast.

*Faney Anna Ómarsdóttir, meðlimur Fjölskyldunefndar SHÍ
Linda Rún Jónsdóttir, meðlimur Fjölskyldunefndar SHÍ*

a. Mælendaskrá opin:

-Jón Ingvi: Hver myndi sjá um að safna þessum upplýsingum saman?

-Faney: Það væri þægilegt að hafa einhvern frá skólanum að taka þetta saman, t.d. aðila sem kemur að vinnu fyrir heimasíðuna.

b. Atkvæðagreiðsla:

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

13. Tillaga að ályktun um Hámu í Sögu og nýju húsi heilbrigðisvísinda 19:25-19:30

(atkvæðagreiðsla)

a. Tillöguberar (*Andri og Rebekka*) flytja tillöguna

*Stúdentaráðsfundur
14. apríl 2023*

T I L L A G A

um að Stúdentaráð sendi frá sér erindi varðandi Hámu í Sögu og húsi Heilbrigðisvísinda

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi erindi til viðeigandi aðila þar sem lögð er áhersla á að í Sögu og nýju húsi Heilbrigðisvísindasviðs verði tryggt að Félagsstofnun Stúdenta fái rými til að starfrækja Hámu.

Rökstuðningur

Nú stendur yfir vinna við að hanna hvernig Saga mun nýtast í nýju hlutverki sem hús Menntavísinda og sömuleiðis stendur nú yfir vinna við að hanna nýtt hús heilbrigðisvísindasviðs HÍ, sem áætlað er að rísi um mitt ár 2025. Enn er óákveðið hvernig veitingasölu verður háttáð í þessum nýju byggingum.

Fulltrúar stúdenta sem komið hafa að undirbúningsvinnunni hafa lagt mikla áherslu á að í Sögu og í húsi heilbrigðisvísinda verði tryggt að FS fái rými til að starfrækja Hámu. Þykir undirrituðum áhersla til þess að skýra þessa afstöðu stúdenta enn frekar með erindi frá Stúdentaráði.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Félagsstofnun Stúdenta (FS) er óhagnaðardrifin sjálfseignarstofnun sett á fót af stúdentum fyrir stúdenta og háskólann. FS leggur þar af leiðandi mikið upp úr því að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er og bjóða upp á hollan mat á eins lágu verði og mögulegt er. Þar að auki fá stúdentar afslátt af mat og kaffi í Hámu. Stúdentar hafa átt í mjög góðu samráði og samvinnu við FS og hefur það meðal annars skilað sér í stórauðnu vegan úrvali.

Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdenta að í þessi stóru hús verði tryggt að Félagsstofnun Stúdenta fái rými til að starfrækja Hámu.

*Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Auður Eir Sigurðardóttir, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs
Andri Már Tómasson, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs*

b. Mælendaskrá opin:

-Lilja: Það gleður mig mjög að sjá þetta. Mikilvægt að stúdentar hafi möguleikann á því að kaupa mat á viðráðanlegu verði.

c. Atkvæðagreiðsla:

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

14. Tillaga um bættu námsaðstöðu fyrir nemendur á Hugvísindasviði 19:35-19:45

(atkvæðagreiðsla)

a. Tillöguberar (*Rakel Anna og Magnús Orri*) flytja tillöguna.

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L A G A - um bættu námsaðstöðu utan kennslurýma

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir bættu námsrými fyrir hugvísindanema. Þar að auki leggja undirrituð til að stúdentaráð móti skýra stefnu um áherslur stúdenta varðandi aðstöðu í byggingum utan kennslurýma, bæði til náms og samveru.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Námsrými fyrir nemendur á Hugvísindasviði er verulega ábótavant. Bætt námsrými er grundvöllur sterkara námssamfélags sem eykur námsframvindu, félagsleg tengsl og vellíðan stúdenta. Nemendur á Hugvísindasviði hafa aðgang að sérstökum nemendarýmum í kjallara aðalbyggingar annars vegar og kjallara Árnagarðs hins vegar. Báðar þessar byggingar loka kl. 18:00 á virkum dögum og eru alveg lokaðar um helgar. Eðlilegt væri ef opnunartími þessara bygginga væri lengri og fyrirkomulagið væri álíka því sem tíðkast í öðrum byggingum háskólans sem hægt er að komast inn í með aðgangskorti.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Nú standa yfir flutningar í nýtt hús íslenskra fræða. Við flutninga rýmkar til í Árnagarði, sem tilvalið væri að nýta til að mæta kröfum stúdenta á Hugvísindasviði um bætt námsrými. Árnagarður þarf, til þess að vera bygging aðgengileg öllum stúdentum, að uppfylla skilyrði um aðgengi hvað varðar hjólastóla eins og aðrar háskólabyggingar. Einnig hvað varðar aðgengi að kynhlutlausri klósettaðstöðu, en mikill skortur er á þeim í Árnagarði, sem Stúdentaráð fordæmir harkalega.

Námsaðstaða fornleifafræðinnar hefur löngum verið bagaleg en Stúdentaráð telur enn fremur nauðsynlegt að komið sé til móts við grunnkröfur fornleifafræðinnar til að geta sinnt kennslu og rannsóknum að fullnustu. Aðstaða þeirra er bæði of lítil og uppfyllir ekki þau skilyrði sem þarf fyrir þá verklegu kennslu sem á sér stað í fornleifafræðinni.

Hvað varðar aðstöðu nemenda innan háskólans alls væri gagnlegt að hafa skrifborð og geymslurými bæði til lang- og skammtímaleigu. Skiptiborð ætti að vera aðgengilegt í öllum byggingum. Þar að auki hefur Stúdentaráð löngum kallað eftir rými þar sem stúdentar geta komið með börnin sín, eins konar hreiður, þar sem gæfist næði til brjóstgjafar, bleyjuskipta og leiks.

*Lilja Reykdal Snorradóttir, sviðsráðsliði
Magnús Orri Aðalsteinsson, stúdentaráðsliði
Rakel Anna Boulter, stúdentaráðsliði*

- b. Mælendaskrá opin: Ummæli og athugasemdir má finna á upptöku.
- c. Atkvæðagreiðsla:
Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

15. Önnur mál 19:50-20:00

Other issues

- a. Tillaga um ályktun SHÍ um bílastæðamál (*atkvæðagreiðsla*)- (*tekið fyrir undir 10. fundarlið*)
- b. Maggi vekur athygli á loftslagsverkfallinu á föstudaginn (17. febrúar).
Grænfánanefndin ætlar að reyna að fá fleiri háskólanema á verkfallið. Skiltagerð daginn áður klukkan 16:00 á Kjallaranum fyrir áhugasama (*fimmtudaginn 16. febrúar*).
- c. Brynhildur vekur athygli á bókfærðu málunum hér að neðan.

16. Bókfærð mál

- a. Skipti í sviðsráði VoN
 - i. *Dagmar Ólafsdóttir hefur sagt af sér í kennslumálanefnd SHÍ. Röskva tilnefnir í hennar stað Brynhildi Þorbjarnardóttur*

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- ii. *Dagmar Ólafsdóttir hefur sagt af sér í sviðsráði Verk- og náttúruvísindadeildar. Röskva tilnefnir í hennar stað Maríu Rós Kaldalóns*

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir

17. Fundi slitið – 19:20